



LITLA SANDFELL

Deiliskipulag efnistökusvæðis

30.11.2023



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann _____

f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá 12. apríl 2023 með athugasemdafresti til 3.mái 2023

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

102413-001-DSK-001-V09

HÖFUNDUR

Margrét M. Róbertsdóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir / Eiríkur Ingvarsson / Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Náttúrufar og dýralíf	5
2.2	Jarðmyndanir	6
2.3	Fornminjar	6
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026	6
3.2	Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036	6
3.3	Breyting á aðalskipulagi	8
4	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	9
4.1	Sérskilmálar	10
4.1.1	Lóð	10
4.1.2	Byggingareitur	10
4.1.3	Efnistaka / Efnisvinnsla	10
4.1.4	Aðkoma/vinnuvegir og gönguleiðir	10
4.1.5	Ásýnd og frágangur	11
4.2	Almennir skilmálar	11
4.2.1	Hönnun mannvirkja og uppdrættir	11
4.2.2	Veitur	11
4.2.3	Sorp og úrgangur	12
4.2.4	Skilti og lýsing	12
4.2.5	Mengunarvarnir	12
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	12
5.1	Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags	14
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	15
6.1	Skipulagsferlið	16

1 INNGANGUR

Sett er fram deiliskipulag fyrir Litla-Sandfell í landi Breiðabólstaðar í Ölfusi, sem nær til rúmlega 55 ha svæðis. Skipulagið er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Ölfus sem nú er í ferli, sem heimilar vinnslu allt að 18.000.000 m³ á um 40 ha svæði. Unnin var umhverfismatsskýrsla sumarið 2022 og vorið 2023 var skipulagslýsing kynnt fyrir deiliskipulag og breytingu aðalskipulags sem gerir ráð fyrir sambærilegu magni og umhverfismat framkvæmdarinnar gerir ráð fyrir.

Í nýju deiliskipulag er gerð er grein fyrir framkvæmd, stærð efnistökusvæðisins, með allt að 625.000 m³ árlegri efnistöku, vinnslu- og landmótunaráætlun sem segir til um frágang á vinnslutíma og lok framkvæmda og aðkomu frá Þrengslavegi. Þegar reynsla kemst á efnisflutninga, verður skoðað með sveitarfélagi hvort huga þurfi að breyttum efnisflutningum. Gert er ráð fyrir byggingum í tengslum við vinnsluna s.s. starfsmannaaðstöðu og skemmu/geymslu til minni háttar viðgerða og viðhalds. Gerð er grein fyrir aðkomuleiðum innan svæðis, jarðvegmönnum og ásýndaráhrifum. Fjallað er um aðgerðir til að draga úr áhrifum á loftgæði við efnistökusvæði og verndun grunnvatns á fjarsvæði vatnsverndar og öryggi starfsmanna innan svæðisins.

Samhliða deiliskipulagi er gerð breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036. Fyrirhuguð breyting felur í sér skilgreiningu á hámarksefnistöku og stækkun efnistökusvæðisins. Efnistaka er nú þegar hafin á svæðinu. Litla-Sandfell er á fjarsvæði vatnsverndar. Framkvæmd tekur til hluta skilgreinds efnistökusvæðis.

Efni úr námunni er móberg og verður nýtt að hluta vegna framkvæmda á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu en aðallega sem íblöndunarefni fyrir sement. Annað efni verður flutt til vinnslu, sem líklega verður staðsett í sveitarfélaginu Ölfusi, nýtt til framkvæmda þar en áætlað er að stærsti hluti unnins efnis verði flutt sjóleiðina til Evrópu þar sem efnið nýtist m.a. til bygginga. Móberg þykir mun umhverfisvænna við sementsgerð en núverandi efni og er því verið að minnka losun kolefnisspors byggingaiðnaðarins töluvert.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal gera deiliskipulag fyrir efnistökusvæði eða reiti innan sveitarfélags þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu á hámarks-efnistökumagni skv. aðalskipulagi, stækkun efnistökusvæðis og afmörkun vinnslusvæðis.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir skipulagssvæðið.

Helstu markmið með deiliskipulagsinu eru að tilgreina skilmála, m.a. um umgengi á vinnslutíma og að lokinni efnistöku og afmarka byggingarreiti, vegi og aðkomu á uppdrætti.

1.1 Skipulagsgögn

Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerinu ISN93. Skipulagsögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mvk. 1:4.000.
- Skýringaruppdráttur 1:20.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Deiliskipulagssvæðið nær til um 55 ha svæðis, sem er að stærstum hluta efnistökusvæði. Aðkoma að svæðinu er um núverandi aðkomu sem liggur frá Þrengslavegi. Litla-Sandfell er lítið fell sem stendur um 95 m upp úr Leitarhrauni í Þrengslunum og er í landi Breiðabólstaðar í Ölfusi. Náma hefur verið starfrækt í Litla-Sandfelli síðan 1965 og hefur efni úr námunni sem er móberg m.a. verið nýtt í framkvæmdir á svæðinu s.s. í Þrengslaveg og almennar byggingarframkvæmdir. Litla – Sandfell stendur upp úr hrauninu en umhverfis fellið er svæðið tiltölulega flatt hraunasvæði og mosa vaxið. Á fellinu, sjálfu efnistökusvæðinu, er fremur rýrt gróðurfar, aðallega víði- og eyðimelavist og ekki mikill fjölbreytileiki í gróðurfari. Náman er innan fjarsvæðis vatnsverndar og er á aðalskipulagi sveitarfélagsins skilgreind sem E4.



MYND 1 – Yfirlitsmynd, svæðið er afmarkað með rauðum hring. (www.lmi.is).

2.1 Náttúrufar og dýralíf

Fellið sjálft er lítt gróið en vistgerðir á vinnslusvæðinu eru eyðihraunavist, hraungambravist, ljónslappa-skriðuvist, víðimelavist, grasvíðiskriðuvist og eyðimelavist sem hafa lágt verndargildi, urðarskriðuvist, lynghraunavist og moshraunavist sem hafa miðlungs verndargildi. Aðeins örlítið svæði er þakið lyngmóavist sem hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 um vistgerðir sem

þarfnast verndar. Vistgerðirnar eru útbreiddar hér á landi og er því ekki verið að raska nema mjög litlum hluta þeirra. Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.

2.2 Jarðmyndanir

Litla-Sandfell er í Leitarhrauni (Lambafellshrauni) og er allt umhverfis fellið tiltölulega flatt og mosagróið. Leitarhraun rann úr gígnum Leiti í austanverðum Bláfjöllum fyrir um 5.200 árum og fór meginstraumur þess suður til sjávar. Námusvæðið er ekki friðlýst eða á náttúruminjaskrá.

2.3 Fornminjar

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015 – 2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í kafla 2.2.2 í landsskipulagsstefnu 2015-2026, um náttúru, menningararf og heilnæmt umhverfi segir:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

Við gerð deiliskipulags skal huga sérstaklega að því að tryggja vatnsgæði þar sem svæðið er á fjarsvæði vatnsverndar. Svæðið sem deiliskipulagið nær til er nánast allt þegar raskað. Með því að halda áfram efnistöku á svæðinu má mögulega koma í veg fyrir að nýjar námur verði teknar í notkun með tilheyrandi raski. Deiliskipulagið er í samræmi við landsskipulagsstefnu.

3.2 Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036

Svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði E4 í aðalskipulagi. Deiliskipulag tekur einnig til svæðis sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði. Allt svæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið og heimildir fyrir efnistökusvæði:

Stefna

- Að leggja áherslu á nægt framboð efnistökusvæða.
- Að efnistökusvæði verði fá en tiltölulega stór.
- Að efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá, í ám og vötnum, vatns- eða hverfisverndarsvæðum.

Almennir skilmálar

- Við veitingu framkvæmdarleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Huga skal sérstaklega að mengunarvörnum á efnistökusvæðum innan vatnsverndarsvæða, sem gerð skal grein fyrir í framkvæmdarleyfisumsókn og/eða á deiliskipulagsstigi.

TAFLA 1. Yfirlit yfir efnistökusvæðið E4 í breyttu aðalskipulagi.

NR	HEITI	LÝSING SVÆÐIS OG SKILMÁLAR	STÆRÐ/HA	MAGN M3 2020-2036
E4	Sandfell	Þar sem hluti námunnar er á fjarsvæði vatnsverndar skal liggja fyrir aðgerðaráætlun hvernig bregðast skuli við óhöppum varðandi mengandi efni, áður en starfsleyfi er gefið út. Áætluð efnistaka á ári er um 625.000 m ³ . Gera þarf deiliskipulag og vinna umhverfismat áður en naman er tekin í notkun.	40	18.000.000

Svæðið er á fjarsvæði vatnsverndar.

TAFLA 2. Hluti töflu 45 í gildandi greinargerð aðalskipulagsins.

NR	HEITI	LÝSING SVÆÐIS OG SKILMÁLAR
VF1	Svæði ofan byggðar Herdísarvík – Hengill	Fjarsvæði vatnsbóla ofan byggðar í vestanverðu Ölfusi, frá Herdísarvík og lang leiðina að Hveragerði.

Verndarsvæði

Efnistökusvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns segir um fjarsvæði:

„Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.“

Í 2. mgr. kafla 4.2.5 um mengunarvarnir kemur fram að innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar sé óheimilt að geyma til lengri tíma efni, s.s. olíur, sem kann að valda grunnvatnsmengun. Efni sem talin eru upp í II. flokki eru m.a. olía, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Gera skal sérstaka grein fyrir hættu á mengun vatnsbóla í breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi og fyrirbyggjandi aðgerðir m.a. með að tryggja að aldrei sé umtalsvert magn mengandi efna geymt á svæðinu og þar sem spilliefni kunni að verða meðhöndluð tímabundið verði gerðar kröfur um að draga úr hættu á mengunarslysum.

3.3 Breyting á aðalskipulagi


Samhliða deiliskipulagi er gerð breyting á greinagerð og uppdrætti Aðalskipulags Ölfuss 2020 – 2036. Stærð og afmörkun efnistökusvæðisins breytist.

Námusvæðið stækkar og verður eftir breytingu um 40 ha. fyrirhuguð efnistaka verður allt að 18 milljón m³ í heildina og áætlað er að það taki um 30 ár miðað við að árleg efnistaka sé um 625.000 m³ á ári. Áætlað er að byrjað verði að vinna í fellinu vestanverðu til að ásýnd þess að austan haldist óröskuð sem lengst. Gangi áætlanir eftir má búast við að Litla-Sandfell hverfi fyrir árið 2050.

Heimiluð verður aðstaða innan námusvæðis m.a. byggingar til viðhalds og eftirlits vinnutækja og fyrir starfsmenn til dagdvalar, salernisaðstaða ofl. Þá verða einnig vinnuþlön með fullnægjandi mengunvörnum, verði þörf á geymslu olíu eða annara mengandi efna um skemmri tíma skal ekki geyma efni til lengri tíma sem valda kunna mengun, innan vatnsverndarsvæða.

Þegar meiri reynsla er komin á efnistöku og afurðina sem hún skilar í sement er möguleiki að eftirspurn aukist samhliða almennri eftirspurn eftir steypu með lægra kolefnisspor. Verði um aukna eftirspurn að ræða má búast við að árleg vinnsla fari upp í allt að 1 milljón m³ á ári. Tilhögun efnistöku verður óbreytt nema náman mun vinnast hraðar og þá mun verða óskað uppfærslu á skipulagi til samræmis við aukna vinnslu.

Við frágang námusvæða er bent á www.namur.is og 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



MYND 2. Hluti af Aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036.

4 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Nýtt deiliskipulag tekur til um 55 ha svæðis sem nær yfir svæði Litla-Sandfells og aðkomu að því. Gert er ráð fyrir áframhaldandi efnistöku í samræmi við breytingu aðalskipulags, með efnistöku allt að 18 milljón m³. Framkvæmdasvæðið tekur yfir núverandi efnistökusvæðis, um 40 ha svæði. Áætlað er að efnistaka verði allt að 625.000m³ á ári.

Heimiluð verður aðstaða innan námusvæðis m.a. byggingar til viðhalds og eftirlits vinnutækja og fyrir starfsmenn til dagdvalar, salernisaðstaða o.fl. Þá verða einnig vinnuþlön með fullnægjandi

mengunvörnum, verði þörf á geymslu olíu eða annara mengandi efna um skemmri tíma, en almennt skal ekki geyma efni til lengri tíma sem kunna að valda mengun, innan vatnsverndarsvæða.

4.1 Sérskilmálar

4.1.1 Lóð

Innan skipulagssvæðisins er afmörkuð lóð, 52 ha að stærð sem er tekin úr landi Breiðabólstaðar.

4.1.2 Byggingareitur

Skilgreindur er einn byggingarreitur innan efnistökusvæðisins. Heimilt verður er að vera með lítið þjónustuhús, allt að 80m² þar sem m.a. verður móttaka, starfsmannaðstaða, salerni o.fl. Þjónustuhús verður á einni hæð. Auk þess verður byggð allt að 420m² skemma til að sinna minni háttar viðhaldi og vegna ýmiss konar búnaðar á svæðinu sem tengist vinnslunni. Mænishæð allt að 10m.

Heimilt er að staðsetja vinnuskúra/salerni og gáma innan efnistökusvæðis, án skilgreiningar sérstaks byggingarreits í samráði við byggingarfulltrúa og Heilbrigðiseftirlitið, enda sé frágangur og eftir atvikum lagnir í samræmi við reglugerðir og hafi gilt stöðuleyfi, sé farið fram á slíkt.

Hreinsivirki verður innan byggingareits. Gert er ráð fyrir lokuð kerfi frá salerni, sem verður tæmt reglulega og úrgangi komið í viðurkennda förgun. Tryggja þarf gott aðgengi til tæmingar. Ekki er gert fyrir olíutönkum/olíubirgðum á svæðinu nema þá tímabundið sem þá munu verða á vökvaheldu undirlagi. Gert verður ráð fyrir að niðurföll fyrir grávatn, steipt plön og skemmu ofl. verði tengt við fráveitugildru sem hægt er að tæma verði óhapp, s.s. olíuleki frá tækjum. Grávatni verður síðan veitt í púkk/jarðvegssíu.

4.1.3 Efnistaka / Efnisvinnsla

Efnið verður unnið á sambærilegan hátt og hingað til. Unnið er á vestur hluta efnistökusvæðis, byrjað að vinna í fellinu að vestanverðu og unnið til austurs.

Gengið verður frá vinnslusvæði jafnóðum og efnistöku er lokið á viðkomandi svæði. Á þegar unnum svæðum, verður land jafnað út og aðlagað aðliggjandi landi eins og unnt er.

Við útgáfu starfsleyfis verði ákvæði um sérstaka viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunarslysa t.d. varðandi tímabundna staðsetningu olíu eða annarra spilliefna, en slík efni verða látin standa á vökvaheldu undirlagi.

4.1.4 Aðkoma/vinnuvegir og gönguleiðir

Aðkoma að skipulagssvæðinu er um afleggjara sem liggur frá Þrengslavegi nr. 39. Flutningsleiðir að/frá efnistökusvæði verða um afleggjarann og Þrengslaveg. Verði efnisvinnsla staðsett í nágrenni

Þorlákshafnar, verður skoðað, í samráði við sveitarfélag, með aðrar leiðir, þegar meiri reynsla kemst á nýtingu svæðis.

Vinnuvegir liggja innan efnistökusvæðis. Almenn umferð um þá er óheimil út af öryggissjónarmiðum en sett verða upp varúðar- og bannskilti.

Skv. gildandi aðalskipulagi er gönguleiðir innan skipulagssvæðisins, m.a. upp á Sandfell. Gert er ráð fyrir færslu þeirrar leiðar suður fyrir Sandfell. Gert verður ráð fyrir bílastæði/áningarstað fyrir göngu fólk við aðkomuvegin að skipulagssvæðinu sunnan Litla-Sandfells og mögulega uppsetningu leiðbeiningaskilta um svæðið.

4.1.5 Ásýnd og frágangur

Framkvæmdaraðili skal ávallt huga að því að halda svæðinu snyrtilegu og tryggja eftir því sem kostur er að ekki stafi hætta af búnaði og munum innan þess né sé öðrum til ama. Eftir fremsta megni skal leitast við að aðlaga svæðið að núverandi landi og ganga frá yfirborði í samræmi við umhverfið í kring. Leitast skal við að ganga frá efnistökusvæði jafnóðum og vinnslu lýkur á viðkomandi svæði.

Helstu aðgerðir verða þær að móta fláa frá yfirborði utan námu og niður í botn námu. Fláar skulu vera að lágmarki 1:3 og mynda ójafnt landslag. Botn námu skal vera grófjafnaður, en skilja skal eftir hrauneitla og hraunstrýtur. Forðast skal beinar og skarpar línur við frágang. Nota skal yfirborðsjarðveg, sem er ýtt ofan af vinnslustálinu, til að móta fláa og botn, ef aðstæður leyfa. Leyfa skal staðgróðri að koma upp af sjálfsdáðun, en fylgjast skal með gróðurframvindu. Ef að vart verður við mikið uppfok eða úrrennsli er æskilegt að sá í landið eða gefa hóflegan áburð.

Frágangi efnistökusvæðis eftir vinnslu skal þannig háttað að því svæði sem hefur verið raskað skal gert að falla aftur að nærumhverfi sínu og að það líkist sem mest landformum í nærumhverfinu. Landmótun og viðeigandi uppgræðsla skal fara fram að vinnslu lokinni. Vinna skal samkvæmt landmótunaráætlun og bent er á vefsíðuna www.namur.is varðandi vinnslu og frágang svæðis.

4.2 Almennir skilmálar

4.2.1 Hönnun mannvirkja og uppdrættir

Byggingarreitir eru sýndir á deiliskipulagsuppdrætti og skulu allir meginhlutar húss standa innan byggingarreits.

4.2.2 Veitur

Svæðið verður tengt dreifikerfi RARIK. Neysluvatn verður fengið með borun eftir vatni eða öðru viðurkenndu vatnsbóli, í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Möguleg borhola og brunnsvæði eru sýnd á uppdrætti sem leiðbeinandi staðsetning. Verði borað eftir vatni á svæðinu, verður endanleg staðsetning valin með sérfróðum aðilum s.s. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Heinsivirki frá salernum er innan byggingarreits, sjá nánar kafla 4.1.2. Tryggja gott aðgengi að því til reglulegrar tæmingar. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd á uppdrætti.

Allur frágangur skal taka mið af reglugerðum varðandi fráveitu innan fjarsvæðis vatnsverndar.

4.2.3 Sorp og úrgangur

Sorphirða og flokkun sorps fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni. Annan úrgang skal meðhöndla í samræmi við starfsleyfi.

4.2.4 Skilti og lýsing

Merkingar bygginga og skilti skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir og skal gera grein fyrir hvar og hvernig þeim er háttað á viðkomandi byggingu eða byggingarreit. Gert er ráð fyrir að sett verði upp leiðbeinandi skilti vegna öryggismála.

Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal höfð að leiðarljósi.

4.2.5 Mengunarvarnir

Við hönnun húsa og mannvirkja skal gera ráð fyrir mengunarvörnum, þar sem það á við, sbr. lög og reglugerðir þar að lútandi, m.a. hvað varðar olíu-, sand- og fituskilju og einnig loftræsingu. Heimilt er að gera skjólgarða/jarðvegsmanir til að draga úr hljóð- og rykmengun frá svæðinu ásamt ásýnd.

Innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar er óheimilt að geyma til lengri tíma efni, s.s. olíur, sem kann að valda grunnvatnsmengun sbr. reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. Innan þeirra svæða er ekki heimilt að láta tæki eða tól standa til lengri tíma, þar sem hætta er á að olíur eða mengandi efni kunni að leka úr tækjum. Gert er ráð fyrir plani með vökvaheldu undirlagi, þar sem efni og tæki geta verið til skemmri tíma.

Skv. reglugerð nr. 550/2018 er vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar- og grjótnám eins og fram fer í Litla-Sandfelli, mengandi starfsemi og er starfsleyfis skyld sem slík hjá heilbrigðisnefndum. Haft verður samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um aðgerðir til mengunarvarna og gert verður ráð fyrir því í starfsleyfi ef geyma þarf megnandi og hættuleg efni.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Umhverfismati fyrir Litla-Sandfell er lokið þar sem niðurstaðan var sú að fellid er gróður- og líflaust, fjarri allri byggð og lítið um fólk á ferli á nágrenninu. Helstu aksturleiðir frá svæðinu fara að mestu um óbyggt svæði svo flutningar hafa óveruleg áhrif á samfélag. Helstu neikvæðu áhrifin eru fólgin í ásýndaráhrifum fyrir vegfarendur á Þrengslavegi sem eru talsverð þar sem heilt fell hverfur en það mun gerast á löngum tíma og dempar því áhrifin. Aukin umferð farartækja s.s. þungaflutningabíla hefur ávallt áhrif á umferðaröryggi og á viðhald vega.

Vinnslan og stærstur hluti efnisflutninga er á vatnsverndarsvæði.

Deiliskipulagstillaga er í samræmi við stefnu í breyttu aðalskipulagi. Því verður gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum. Stefna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins er metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

TAFLA 3. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Víðerni.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036. Landsskipulagsstefna 2015-26. <ul style="list-style-type: none"> Að skipulag taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og tryggja aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufrýrbærum. Skipulagsáskvarðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru. 	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i>	Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036. <ul style="list-style-type: none"> Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. 	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i>	Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036. <ul style="list-style-type: none"> Í deiliskipulagi skal koma fram hvernig leitast verði við að draga úr mengun t.d. vegna loft-, hávaða- og rykmengunar. Að engar framkvæmdir verða leyfðar sem ógnað geti brunnsvæðum á grann- eða fjarsvæðum þeirra. 	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
Samfélag <i>Atvinnulíf.</i>	Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036. Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> Skipulag byggðar og landnotkun stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. 	Hefur stefnan áhrif á atvinnu-tækifæri?
Verndarsvæði og minjar <i>Vatnsvernd.</i> <i>Fornminjar.</i>	Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036. Náttúruminjaskrá. Aðalskráning fornminja. <ul style="list-style-type: none"> Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyriræli varðandi umferð á þessu svæði. Taka skal tillit til þekktra fornminja við skipulag landnýtingar. Fornminjar skulu skráðar við gerð deiliskipulags og/eða veitingu framkvæmdaleyfis. 	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5.1 Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags

Nýtt deiliskipulag: Áframhaldandi efnistaka í Litla-Sandfelli. Alls er fyrirhugað að vinna allt að 18 milljón m³ af efni á allt að 40 ha svæði í samræmi við breytt aðalskipulag. Gert er ráð fyrir að efnið í námunni dugi næstu 30 árin og að starfsemin verði unnin á sambærilegan hátt og í dag. Skilmálar settir um mótvægisáðgerðir og vandaðan frágang þegar efnistöku lýkur.

Áhrif á land og landslag eru metin neikvæð. Fyrirhuguð efnisvinnsla hefur nú þegar áhrif á landslag og ásýnd þar sem vinnsla hefur verið starfrækt á svæðinu síðan 1965. Þegar efnistöku lýkur verður svæðið mótað og aðlagað að nærliggjandi umhverfi. Unnið verður í samráði við Umhverfisstofnun og sveitarfélagið og verður eftirlit haft með frágangi svæðisins á vinnslutímanum. Til að draga úr sýnileika efnisvinnslunnar er heimilt að vera með jarðvegsmanir umhverfis svæðið á framkvæmdatíma.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg. Fellið sjálft er lítt gróið og hafa flestar vistgerðir á svæðinu ekki hátt verndargildi. Áhrif á gróður hefur þegar átt sér stað, með áframhaldandi efnistöku á svæðinu verður rask á vistgerðum algjört og varanlegt. Á svæðinu sem raskast eru algengar vistgerðir með lítið verndargildi. Áhersla er lögð á að svæðið verði látið gróa aftur upp með staðargróðri og lagað að aðliggjandi landi eins og kostur er. Fuglalíf er frábreytt og fjöldi einstaklinga lítill. Áhrifin eru tímabundin á meðan á efnistöku stendur en að henni lokinni geta fuglar komið aftur á svæðið.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Í umsókn fyrir starfsleyfi verður nánar gerð grein fyrir mögulegum mengunarvörnum, m.a. til að tryggja að mengun berist ekki í grunnvatn. Ef varið er eftir lögum og reglum varðandi meðhöndlun efna/úrgangs innan vatnsverndarsvæða er ekki talin mikil hættu á mengun. Náman er staðsett nálægt notkunarstað efnis, sem dregur úr þunga akstri langar vegalengdir, það takmarkar mengun og útblástur kolefnis.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Nú þegar er eftirspurn eftir jarðefnum námunnar, m.a. vegna gerðar nýrra vega og samgöngumannvirkja og til byggingaframkvæmda. Ætla má að efni námunnar muni nýtast til uppbyggingar næstu 30 árin. Náman er staðsett nálægt notkunarstað efnis og dregur það því úr akstri milli vinnslusvæðis og notkunarstaðar, styttir verktíma og framkvæmdir eru ódýrari. Einnig er tilgangur verkefnisins að lækka kolefnisspor byggingariðnaðarins á Íslandi og í norður Evrópu með framleiðslu sements úr efninu.

Áhrif á verndarsvæði og minjar eru metin óveruleg. Efnistökusvæðið er innan skilgreinds fjarsvæðis vatnsverndar. Til að tryggja að mengun berist ekki í grunnvatn er möguleg mengunarhætta lágmörkuð með ákvæðum í starfsleyfi námunnar í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda. Engar þekktar fornminjar eru innan vinnslusvæðis námunnar. Rask á jarðmyndunum er þegar hafið. Aukin efnistaka mun óhjákvæmilega valda umfangsmeiri áhrifum á jarðmyndanir. Efnistakan samræmist stefnu aðalskipulags er varðar efnistökusvæði í sveitarfélaginu.

Niðurstaða umhverfismats:

Sveitarfélagið metur heildaráhrif deiliskipulagstillögunnar um áframhaldandi efnisvinnslu, óverulega þegar allt er skoðað. Náman er vel staðsett við flutningsleiðir á Suðurlandi og svæðinu hefur þegar verið raskað. Með áframhaldandi efnistöku í Litla-Sandfelli, er verið að tryggja aðgang að góðu efni úr námu með tilskilin leyfi og takmörkuð umhverfisáhrif.

Horft er til þess að áhrif af stefnu deiliskipulagsins eru minniháttar þar sem lengi hefur verið efnisvinnsla á þessu svæði og með tilliti til umfangs áframhaldandi vinnslu eru áhrifin lítil. Áframhaldandi starfsemi hefur takmörkuð áhrif á aðliggjandi byggð og umferð.

Helstu neikvæðu áhrif námunnar eru ásýndaráhrif og að hún er á fjarsvæði vatnsverndar. Deiliskipulag setur takmarkanir sem gilda um framkvæmdir og umgengi í námunni vegna vatnsverndar. Að loknum framkvæmdatíma verður unnið að frágangi svæðisins í samræmi við landmótunaráætlun og gengið úr skugga um að svæðið falli eins vel inn í nærliggjandi umhverfi og kostur er. Bein áhrif efnistökkunnar eru staðbundin og að hluta til bundin við rekstrartíma, t.d. ryk frá umferð og hætta á mengun grunnvatns.

Mikilvægi starfseminnar fyrir nærliggjandi svæði og framboð efnis til framkvæmda og uppbyggingar hefur aukist og hefur samfélagslegt gildi námunnar því orðið umtalsvert. Mikil uppbygging og íbúafjölgun hefur staðið yfir á Suðurlandi á undanförunum árum og fátt bendir til þess að dragi úr þeirri þróun. Flutningsleið efnisins frá efnistökusvæðinu getur því verið stutt þar sem það mun að mestu vera nýtt til áframhaldandi uppbyggingar á vegum og öðrum innviðum.

Framkvæmdin samræmist ákvæðum laga og reglugerða, sem og almennri stefnumörkun stjórnvalda um að halda efnistökusvæðum landsins í lágmarki. Með áframhaldandi efnistöku í Litla-Sandfelli er verið að nýta þegar raskað svæði, og þar með koma í veg fyrir að óraskað svæði verið tekið undir nýtt efnistökusvæði til að anna eftirspurn.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í apríl 2023 og bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

Deiliskipulag verður kynnt og auglýst í samræmi við gr. 5.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Aðliggjandi sveitarfélög
- Vegagerðin

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

6.1 Skipulagsferlið

Deiliskipulagstillaga verður kynnt og auglýst skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

